

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

Aðalstræti 12

415 Bolungarvík

nave@nave.is

Arnarfjörður á miðöldum

Fornleifarannsókn á Hrafnseyri í Arnarfirði Framvinduskýrsla 2025

Kristín Sylvía Ragnarsdóttir

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Desember 2025

NV nr. 40-25

EFNISYFIRLIT

1. GRUNNUPPLÝSINGAR 2
2. TÆKNILEG ATRIÐI 3
2.1 Útdráttur 3
2.2 Forsaga rannsóknar 3
2.3 Stjórnsýsla og fjármögnun 6
2.4 Almennar upplýsingar um rannsóknina 6
2.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi 7
2.6 Stærð og umfang uppgraftar 7
3. FORNLEIFARANNSÓKNIN Á HRAFNSEYRI 9
3.1 Skáli 9
3.2 Prufuskurður 1 12
3.3 Prufuskurður 2 13
4. GRIPIR OG SÝNI 14
5. Túlkun 15
6. HEIMILDASKRÁ 17
7. KORT 18
8. TEIKNINGAR 19
9. SKRÁR 21
9.1 Contextaskrá 21
9.2 Contextaskrá Prufuskurður 1 24
9.3 Contextaskrá Prufuskurður 2 24
9.4 Fundaskrá 25
9.5 Fundaskrá Prufuskurður 1 29
9.6 Fundaskrá Prufuskurður 2 30
9.7 Sýnaskrá 30
9.8 Sýnaskrá Prufuskurðir 31
9.9 Ljósmyndaskrá 31
9.10 Teikningaskrá 36

1. GRUNNUPPLÝSINGAR

Rannsóknarnúmer: 201907-0059.

ÞJMS-númer: 2025-53

Stutt lýsing rannsóknar:

Fornleifarannsókn á skála í túninu á Hrafnseyri í Arnarfirði

Tegund rannsóknar:

Vísindarannsókn

Staðsetning

Hrafnseyri í Arnarfirði

GPS hnit

Hrafnseyri í Arnarfirði, ISN93: A: 296269, N: 591814

Rannsóknartími: 4-29. ágúst 2025

Leyfishafi

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Fjöldi starfsmanna: 5 starfsmenn og 3 nemar

2. TÆKNILEG ATRIÐI

2.1 Útdráttur

Fornleifarannsóknin Arnarfjörður á miðöldum hófst árið 2011 og hefur staðið yfir síðan. Rannsóknir hafa verið stundaðar á bæjunum Hrafnseyri, Auðkúlu og Litla Tjaldanesi í Arnarfirði sem áður tilheyrði hinum gamla Auðkúluhrepp.

Markmið rannsóknarinnar fyrir sumarið 2025 var að opna stærra svæði til norðurs frá því uppgraftarsvæði sem var rannsakað árið áður. Sumarið 2024 fannst inngangur í byggingu og var talið að þarna væri staðsetning á skála frá landnámsöld eða miðöldum í túninu á Hrafnseyri. Var þar staðfest nú í sumar við stækkun uppgraftarsvæðisins. Tveir prufuskurðir voru teknir, einn til austurs og einn til vesturs, til að kanna stærð skálans.

Fornleifauppgröfturinn fór fram í ágúst og var haldið áfram samstafi við Bradford háskóla fimmta sumarið í röð. Þaðan komu þrír fornleifafræðinemar á vettvangsnámskeið.

2.2 Forsaga rannsóknar

Árið 2011 hófust rannsóknir í túninu á Hrafnseyri með gerð fjögurra könnunarskurða á völdum stöðum á Hrafnseyri til að kanna ástand minja og rannsóknargildi og reyna að staðsetja miðaldabyggð á Hrafnseyri. Könnunarskurður A var staðsettur í túninu rétt austan við gamla kirkjugarðinn og fundust engin skýr merki um byggingu í skurðinum. Könnunarskurður B var staðsettur í á svipuðum stað og könnunarskurður A og fannst mögulegt hús þar sem torfveggur og gólflag voru sjáanleg. Könnunarskurður C var staðsettur austan við nýja kirkjugarðinn á Hrafnseyri og í skurðinum var mikið um mannvist og ljóst að byggingar voru staðsettar á þessu svæði. Könnunarskurður D var staðsettur suðaustan við sólpallinn við burstabæinn á Hrafnseyri og í skurðinum var líklegur veggur[1] en síðar var svæðið stækkað og veggurinn túlkaður sem garðlag [2]

Sumarið 2012 voru könnunarskurðir frá árinu áður stækkaðir þar sem mannvistarlög voru að finna og uppgröftur á jarðhýsi. Þar að auki fór fram fornleifarannsókn með gerð tveggja könnunarskurða í gamla kirkjugarðinum til að staðfesta að þar væri í raun kirkjugarður og hvernig varðveisla beina væri og hvort hægt væri að fá sýni til aldursgreiningar. Sýni sem tekin voru úr kirkjugarðinum voru aldursgreint til fyrri hluta 11. aldar.[3]

Rannsóknir sumarið 2013 einblíndu á jarðhýsið sem byrjað var að rannsaka sumrin áður. Þar komu átta breskir háskólanemar og störfuðu við rannsóknina. Jarðhýsið var 9 m á lengd,

[1] Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðný Zoëga. 2012.

[2] Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2013.

[3] Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðný Zoëga. 2012.

Mynd 1, Unnið að uppgrefti á Jarðhýsi árið 2013.

niðurgrafið, fyllt með stórgríti og grófri möl. Út frá þeim gripum sem voru þar að finna og líklegast frá landnámsöld. [4]

Sumarið 2014 var ekki grafið á Hrafnseyri heldur fóru fram fjarkönnunar rannsóknir þar sem hópur breskra fornleifafræðinga komu með jarðsegulmæla og viðnámsmæla til rannsókna. Niðurstöður fjarkönnunarrannsóknarinnar sýndu breytingar í jarðvegi á ýmsum stöðum sem voru svo rannsakaðar sumarið 2015.[5]

Árið 2015 lá fyrir að kanna svæði þar sem frávik höfðu komið fram við fjarkönnunar mælingar árið áður. Voru það staðsetning á mögulegri smiðju eða járnvinnslusvæði, en við fornleifarannsókn kom í ljós gömul þró sem hafði verið fyllt með járnrusli. Skurður var gerður við norðvesturhorn gamla kirkjugarðsins þar sem munnmæli og örnefni herma að undirgangur hafi verið, þá möguleg flóttagöng sem munnmæli segja að hafi verið gerð af sonum Hrafns Sveinbjarnasonar. Tveir veggir komu fram í skurðinum og líklegt um byggingu eða undirgöng að ræða. Annar skurður var gerður á svæði þar sem komu í ljós kolagrafir.[6]

Sumarið 2016 var skurðurinn fyrir mögulegum undirgangi opnaður aftur og stækkaður. Kom þá í ljós að torf beggja megin við niðurgröft og grjóthleðslu og líklega að þarna sé undirgöng á því svæði sem er kallað Undirgangur. Þar að auki voru grafnar tvær könnunarholur sunnan við kirkjugarðinn. Þær könnunarholur leiddu í ljós sömu niðurstöður og voru að sjá í skurðinum fyrir mögulegum undirgangi. Niðurstöður rannsóknar sumarið 2016 komu út í skýrslunni *Arnarfjörður á miðöldum. Framvinduskýrsla 2016.*[7]

Mynd 2. Hin meintu gögn sem liggja í túninu á Hrafnseyri.

Hinn svokallaði undirgangur var rannsakaður svo frekar sumarið 2017 með því að opna tvö svæði. Svæði 1 var sunnan við uppgraftarsvæði frá árinu 2015-2016. Þar kom sami niðurgröftur í ljós og því greinilegt að um manngerðan niðurgröft væri að ræða. Svæði 2 var staðsett við girðinguna við enda túns þar sem vonast var að finna op sem gætu staðfest að um

[4] Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2013.

[5] Margrét Hallmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir. 2016.

[6] Margrét Hallmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir. 2016.

[7] Margrét Hallmundsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir. 2017.

flóttagöng væri að ræða. Kom þar í ljós mjög skýr göng og torf veggir. Tvær könnunarholur voru einnig grafnar, ein á milli kirkjugarða og önnur neðarlega á Hrafnseyrartúni. Engin mannvist fannst í fyrri skurðinum en kolaríkt lag kom fram í seinni skurðinum. Ásamt könnunarskurða var gerð borkjarnarannsókn þar sem rétt utan við núverandi kirkjugarð fannst torf á nokkru dýpi.[8]

Borkjarnarannsókn fór fram á Hrafnseyri sumarið 2019 á milli öskuhaugs og jarðhýsis framan við Bælisbrekku þar sem áður var heimreið að bænum. Komu þar í ljós svart feitt lag með mikið að beinaleifum. Niðurstöður rannsókna voru að sterkar líkur eru á því að búið sé að staðsetja fyrsta, eða með fyrstu stöðum byggðar á Hrafnseyri.[9]

Sumarið 2020 voru teknir þrír könnunarskurðir þar sem borkjarnar höfðu sýnt þykk svört og feit lög með beinaleifum. Skurður A var staðsettur nærri öskuhaugi þar sem gamla heimreiðin kom inn á túnið. Skurður B var staðsettur 20 m norðvestur af Skurði A og Skurður C var um 2 m suðvestan við Skurð B. Út frá borkjörnum og þessum könnunarskurðum má telja nær fullvíst að undir Bælisbrekku sé skáli og virðist hann mjög stór. Sem hluti af rannsókninni var framkvæmd fjarkönnun þar sem markmið var að skrá og mæla upp fornleifar í Arnarfirði með ljósmyndum og hitamyndum teknar úr flygildi. Verkefnið fékk styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og var unnið af Gunnari Grímssyni.[10]

Sumarið 2024 var opnað 10 x 10 m svæði yfir prufuskurði A sem var tekinn sumarið 2020. Við rannsóknina komu fornleifafræðinemar við Bradford Háskóla í vettvangsnám. Kom þar í ljós greinilegur inngangur inn í byggingu og hellulagt svæði utan við hús. Talið er að þarna sé staðsetning skála frá landnámsöld eða miðöldum.[11]

[8] Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2018.
[9] Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2019.
[10] Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sylvía Ragnarsdóttir. 2021.
[11] Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Atli Rúnarsson. 2025.

Mynd 3. Staðsetning skurða og uppgraftarsvæða á Hrafnseyri yfir árin.

2.3 Stjórnsýsla og fjármögnun

Árið 2025 fékkst styrkur frá Prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar (aðal styrktaraðili). Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri lagði til húsnæði og aðstöðu á meðan uppgrefti stóð.

2.4 Almennar upplýsingar um rannsóknina

Við rannsóknina sumarið 2025 störfuðu fimm fornleifafræðingar frá Náttúrustofu Vestfjarða og þrír nemendur í fornleifafræði frá Bradford háskóla í Englandi. Leyfishafi og stjórnandi var Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og uppgraftarstjóri var Kristín Sylvía Ragnarsdóttir. Rannsóknin stóð yfir í fjórar vikur en hún hófst 4. ágúst og lauk þann 29. ágúst. Veður var nokkuð blautt en þó voru þurrir dagar inn á milli. Kristín Sylvía Ragnarsdóttir sá um skýrslugerð og tölvuteikningar.

Fornleifafræðingar sem störfuðu við rannsóknina sumarið 2023:

Kristín Sylvía Ragnarsdóttir. Uppgraftarstjóri. MSc. Náttúrustofa Vestfjarða.

James McGovern. Fornleifafræðingur. MA. Náttúrustofa Vestfjarða.

Jonathan Buttery. Fornleifafræðingur. MA. Náttúrustofa Vestfjarða.

Kate Fitzpatrick. Fornleifafræðingur. MA. Náttúrustofa Vestfjarða.

Atli Rúnarsson. Fornleifafræðingur. BA. Náttúrustofa Vestfjarða.

Krupa Sarya . Fornleifafræðinemi. Bradford háskóli.

Jonathan Childs Fornleifafræðinemi. Bradford háskóli.

Sean Cahill. Fornleifafræðinemi. Bradford háskóli.

Mynd 4. Starfsmenn við uppgröftinn sumarið 2025 ásamt stjórnanda rannsóknar Margréti Hrönn Hallmundsdóttir og i prófessor frá Bradford Háskóla Jill Thompson. Frá Vinstri til hægri: Margrét, Jonathan B., Sean, Kate, James, Atli, Jonathan, Jill og Kristín.

2.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi

Við rannsóknina var single context-aðferðafræði notuð þar sem hver eining er grafin upp í öfugri tímaröð og skráð, teiknuð og ljósmynduð. Þetta er aðferðaferðafræði sem Íslenskir fornleifafræðingar kunna og eru vanir sem og þeir bresku fornleifafræðingar sem hafa stafað við rannsóknina frá upphafi.

Notast var við DJI Air 2 S dróna í upphafi og lok hvers dags ef verður leyfði. Allar teikningar voru handteiknaðar á teikniplast í hlutföllum 1/10 fyrir sniðteikningar og 1/20 fyrir flatarteikningar. Hnit voru skráð á öllum staurum með Trimble Juno 5 uppmælingatæki. Eigið hnitakerfi (grid) var sett upp á XY ás sem og notast við Landsnets hnitakerfið ÍSNET93. Ljósmyndir voru teknar á Canon EOS M50 mark 2 og skráð í ljósmyndaskrá. Vinnumyndir voru teknar á síma og spjaldtölvu.

Allir gripir voru varðveittir og staðsetning þeirra merkt inn á teikningar. Öll bein og allir gripir voru varðveittir. Gripir verða skráðir í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins.

2.6 Stærð og umfang uppgraftar

Árið 2024 var opnað 10 x 10 m (100 m^2) svæði sem var svo stækkað nú í sumar um 5 x 12 m (60 m^2) í framhaldi til norðurs við það uppgraftarsvæði sem hafði verið opnað áður. Gera má ráð fyrir því að um 0.30 cm af jarðvegi hafa verið fjarlægðir af uppgraftarsvæðinu. Tveir

prufuskurðir voru opnaðir til að kanna lengd á skálanum. Prufuskurður 1 var staðsettur í um 5 m vestan við uppgraftarsvæðið og var 2 x 1 m á stærð (2 m^2) og um 0.20 m á dýpt. Prufuskurður 2 var tekinn í framhaldi af uppgraftarsvæði skálans og var 3.5 m x 1 m á stærð (4 m^2) og 0.40 m á dýpt. Alls voru um 166 m^2 sem hafa verið opnaðir sem samsvar um um 51 m^3.

Mynd 5. Uppgraftarsvæðið þar sem sést í Prufuskurð 1 til vinstri og Prufuskurð 2 fast við uppgraftarsvæðið til hægri. Upp er í norður. Drónamynd: AR.

3. FORNLEIFARANNSÓKNIN Á HRAFNSEYRI

3.1 Skáli

Opnað var 5 x 12 m stórt svæði til norðurs í framhaldi af uppgraftarsvæði sem var opnað sumarið 2024. Efst var yfirborðslag (701) sem var rótarmikið siltaður brúnn jarðvegur. Þar beint undir var blandað lag (718) sem var ljós gulbrúnt torf og jarðvegur sem var ágætlega laus í sér og innihélt fáa stóra steina. Lagið er blanda af yfirborði og torfhruni og er það sama og blandað lag (702) frá uppgraftarsvæði sem var opnað árið áður. Lag (721) var þar undir yfir öllu uppgraftarsvæðinu og var það sama og lag (706) sem var einungis sjáanlegt í norðaustur horni uppgraftarsvæðis 2024. Lagið var þétt, brúngult torf sem minnti á gírafa munstur og innihélt stöku kolaflygsur og steina. Líkleg skýring á þessu mynstri væri hvernig jarðvegurinn hefur þornað.

Mynd 6. Yfirborðslag (701) og blandað lag (718) fjarlægt og komið niður á lag (721) sem minnti á gírafa munstur. Í norðaustur horni uppgraftarsvæðis var lag (722), sem er hægt að sjá í efst til hægri á myndinni. Upp er í norður. Drónamynd: JMG.

Undir blönduðu lagi (718) í norðaustur horni uppgraftarsvæðis var blandaður náttúrulegur jarðvegur og torfslitrur (722). Lagið var brúnt á lit og óreglulega blanda af steinum, möl og torfi, og innihélt smáa og millistóra steina. Líklega er þarna raskað lag eða uppfyllingarefni yfir frárennslisskurði [731] sem var undir laginu. Lagið var um 2 m á lengd og 1.90 m á breidd. Umhverfis blandaða lagið var torflag (723) sem var þétt fjólublátt og brúnt torf sem var um 2.6 m á breidd og 70 cm á breidd. Ekki er vitað hvert hlutverk torflagsins hefur verið en líklega mun það skýrast þegar stærra svæði verður opnað. Ljóst er að þetta torflag er seinni tíma viðbætur á svæðinu efir að skálinn er hruninn.



Mynd 7. Blandaður jarðvegur (722) er sjáanlegur innan hringsins ásamt torflagi (723) þar utan um. Þar rétt sést móta fyrir frárennslisskurði [731] sem var þar undir.

Frárennslisskurður [731] var staðsettur í norðaustur horni og lá í norðvestur-suðaustur. Skurðurinn hefur verið skorinn í skálann. Skurðurinn hafði brattar hliðar og flatan botn og var um 3.82 m langur, 0.70 m á breidd og 0.78 m á dýpt. Fyllingin í skurðinum (732) var blandað þétt gulbrúnt torf og möl sem molnaði auðveldlega og innihélt möl og steina.

Mynd 8. Líklegur frárennslisskurður staðsettur í norðaustur horni uppgraftarsvæðis.



Mynd 9. Snið og sniðteikning sem snýr í suðaustur á frárennslisskurði [731].

Í inngangi voru flatir steinar (714) sem voru grafnir að hluta til fram árið áður. Hellulagði flórinn hélt áfram inn í skálann inn til norðurs. Inn á milli steinanna var kolaríkt lag (734) sem var líkt gólflagi (725) og var mjúkt, svart kolaríkt silt sem innihélt mikið af brenndum beinum. Lagið er óuppgrafið en var um 6.5 m á lengd og 2 m á breidd.

Mynd 10. Hellulagður flór (714) og svart kolaríkt lag (732) þar inn á milli.

Út frá hellulagða flórnum í miðjum skála og til austurs var annar hellulagður flór (738) sem virðist hafa verið einhverskonar gangur eða stétt upp við vegg (707). Þar á milli steina var svart kolaríkt lag sem var mjúkt, svart silt með mikið af kolum og brenndum beinum. Lagið var

óuppgrafið og var svipað og gólflag (725) og kolaríkt lag (734). Þar rétt sunnan var mögulegt set (726) í austur enda skála. Setið var ljósbrúnt torf sem innihélt litla og miðlungsstóra steina. Lagið lá að hluta til yfir steinahellur (738).

Norðan við hellurnar (738) og kolalag (739) var blandaður upp rótaður og endurlagður náttúrulegur jarðvegur (744) sem hefur líklega verið grafinn upp við gerð frárennslisskurðar [731] eða að þarna hefur verið komið fyrir jarðvegur fyrir heimreið sem var staðsettur þar. Lagið var mjög þétt appelsínugulbrún möl og var einungis hreinsað niður á lagið og það ekki grafið burt.



Mynd 11. Jarðlög austan og vestan við hellur í inngangi. Þar er hægt að sjá steinahellur (738) og kolaríkt lag (739) endurlagðan náttúrulegan jarðveg (744). Drónamynd: AR.

Við norður enda steina í inngangi og til vesturs var blandaður upprótaður og endurlagður náttúrulegur jarðvegur (737). Líklega er þarna sami jarðvegur og jarðlag (744) þar sem þetta hefur líklega verið grafið upp við gerð frárennslisskurðar [731]. Lagið var mjög þéttur appelsínugulbrúnn siltaður sandur sem innihélt mikið af möl.

Uppvið og sunnan við blandaðan jarðveg (737) var siltað torfhrun (728) sem var þétt dökkbrúnt á lit með fáum steinum. Lagið liggur beint undir hruni (721) og ofan á gólflagi (725) og eldstæðum [735] og [743]. Hreinsað var niður á gólflag (725) sem var feitt svart kolaríkt silt með mikið af brenndum beinum.

Við fjarlægingu á torfhruni (728) kom í ljós líklega tvö eldstæði. Austara eldstæðið (735) hafði steina sem umlykja þétta svarta og rauða kolaríka fyllingu (736) og lausa bleika og rauða móösku (742). Einungis hluti af vestara eldstæði [743] var sjáanlegt innan uppgraftarsvæðis og er hluti þess enn undir sverði. Mögulega getur verið einhver tenging á milli eldstæðanna en að

svo stöddu er gólflag á milli þeirra og þau skráð sem sitthvor eining. Eldstæðin og gólflagið voru látin vera til að halda samhengi á innan skála þegar búið er að stækka uppgraftarsvæðið.

Upp frá gólfi var þétt svarbrúnt kolaríkt lag (720) ofan á mögulegu seti í vestur enda. Lagið innihélt mikið af kolum og brenndum beinum. Undir þessu kolaríku set lagi var torflag (741). Lagið er óuppgrafið og var mjúkt appelsínugulbrúnt torf. Við enda setsins í vestur enda uppgraftarsvæðis var kolaríkt lag (724) sem var svipað og gólflag en lausara í sér. Lagið hefur ekki verið fullrannsakað.

Ofan á vegg (707) var torfhrun (719) sem var blanda af veggja og þakhruni sunnan við steina. Lagið var um 0.06 m þykkt þétt, millibrúnt blandað torf og yfirborðslag sem innihélt mikið af kolaflögum og smáum steinum. Hluti lagsins hafði verið fjarlægður af vegg árið áður. Sunnan veggjar var veggjahrun (727) sem lá ofan á lagi (705). Lagið var þétt skellótt fjólublátt torf sem innihélt smáa steina.

Utan við vestur vegg í suðvestur horni uppgraftarsvæðis kom í ljós skurður á rennu [729]. Er þessi skurður sá sami og skurður [710] sem var rannsakaður sumarið áður. Einungis var grafinn hluti af skurðinum sem var 0.6 m breiður og 0.25 m á dýpt, og hafði íhvolfdar hliðar og flatann botn. Fylling rennunnar (730) var þétt, ljós gulbrúnt torf með fáum steinum.

Rétt sunnan við vegg (707) og undir hruni (727) var kolaríkt lag (733). Lagið var mjúkt, svart silt með mikið kolum. Lagið var um 0.7 m í þvermál og 0.05 m á þykkt. Líklega var þarna haugur af kolum þar sem enginn skurður var sjáanlegur. Lagið lá ofan á gömlu yfirborði (740) sem var mjúkt ljósbrúnt silt sem innihélt fáa steina og lá yfir öllu svæðinu undir lagi (705) og yfir náttúrulegum jarðvegi (708).

3.2 Prufuskurður 1

Prufuskurður 1 var tekinn í um 5 m fjarlægð vestan við uppgraftarsvæðið fyrir skálanum. Ákveðið var að taka skurð þarna í leit að vestur gafli skálans. Skurðurinn var 2 m á lengd, 1 m á breidd og grafinn niður að mannvist. Efst var yfirborðslag (101) sem var rótarmikill, þéttur brúnn siltaður jarðvegur sem innihélt smáa og milli stórra steina. Yfirborðslagið var 2 m+ á lengd, 1m+ á breidd og 0.10 m á þykkt. Í laginu fannst stór og þungur gjallmoli (F#004). Þar beint undir var blandaður jarðvegur (102) sem var laust brúnt og dökkbrúnt siltað torf og vindborið efni sem innihélt smáa steina og gripi (F#001, F#002 og F#003). Lagið var 2 m+ á lengd, 1 m+ á breidd og 0.14 m á þykkt.

Undir hruninu kom torfveggur (103) og steinar (107) í ljós í norður enda skurðar. Veggurinn (103) var gerður úr skellóttu brúnu, dökkbrúnu og rauðu torfi sem innihélt smáa steina og var um 1.8 m á breidd og 0.7 m á lengd og að minnsta kosti 0.16 m á þykkt. Steinar (107) hafa færst til en þeir hafa að öllum líkindum legið við enda veggjar. Veggurinn náði ekki yfir alla breidd skurðar og er mögulegt að þarna sé annar inngangur inn í skálann eða að þar sé gangur inn í annað rými.

Neðan og upp að veggnum til suðurs var veggjahrun (106) sem var þétt, mjúkt og skellótt brúnt torf sem innihélt smáa og stóra steina. Lagið var 0.35 m á breidd og 0.80 m á lengd. Hrunið lá beint ofan á kolaríku tröðkuðu lagi (104) og steinahellum (105). Steinahellur (105) voru umkringdar og lágu ofan á svörtu, kolaríku lagi (104) sem innihélt mikið af stórum kolamolum

sem voru tekin í sýni (S#001) og smáum steinum. Lagið er ógrafið en var um 0.80 m á lengd og 0.30 m á breidd.

3.3 Prufuskurður 2

Prufuskurður 2 var tekinn í beinu framhaldi af uppgraftarsvæði skálans til vesturs. Skurðurinn var 3.5 m á lengd, 1 m á breidd og grafinn niður að mannvist. Efst var yfirborðslag (201) sem var rótarmikill, þéttur brúnn siltaður jarðvegur sem innihélt smáa og milli stórra steina. Lagið var 3.5 m+ á lengd, 1 m+ á breidd og um 0.20 m á þykkt. Þar undir var blandað jarðlag (202) sem var siltað blandað torf og möl sem var 3.5 m+ á lengd, 1 m+ á breidd og 0.10 m á þykkt. Torfhrun (203) lá þar undir og var það sama og lag (721). Lagið var þétt, blandað brúngult torf með smáum og stórum steinum og minnti á gírafa munstur. Í laginu var mögulega unnin steinn (F#001). Hrunið náði yfir allan skurðinn og var 3.5 m á lengd, 1 m á breidd og um 0.12 m á þykkt þar sem það var þykkast.

Í austur enda skurðar undir hruni (203) var torfveggur (204). Veggurinn var þétt skellótt dökkbrúnt, brúnt, rautt og fjólublátt torf. Veggurinn er um 1.5 m á breidd og 1 m+ á lengd. Í vestur enda skurðar undir hruni (203) var blandað lag (205) sem var laust brúnt blandaður jarðvegur sem innihélt steina, möl og torf. Lagið var um 1.5 m+ á lengd og 1 m+ á breidd.

4. GRIPIR OG SÝNI

Við rannsóknina voru gefin alls 115 fundanúmer sumarið 2025. Voru það 110 úr uppgraftarsvæði skála, fjórir úr prufuskurði 1 og einn úr prufuskurði 2.

Margir þessara gripa voru gripir sem tengjast hversdagslegum athæfum sem búast má við að finnist við uppgröft á íveruhúsi, svo sem naglar, kljásteinar, snældusnúðar og brýni. Þó fundust einnig gripir sem ekki var hægt að tilgreina eftir sérstöku hlutverki. Gripir úr járni var algegnasti gripaflokkurinn og fundust alls 67 gripir úr járni. Þar á eftir voru 42 gripir úr steini, fimm úr gleri og einn úr kopar og viði. Í töflunni hér að neðan er að sjá hlutverk þessara gripa og fjölda.

Tafla 1. Hlutverk og efni griða sem fundust við uppgröftinn á skálanum á Hrafnseyri sumarið 2025. Alls voru gefin 115 fundanúmer frá uppgraftarsvæði skála, prufuskurði 1 og prufuskurði 2.

Hlutverk	Efni	Fjöldi Fundanúmera
Brýni	Steinn	15
Gjall	Járn	7
Hnífur	Járn	3
Jaspis	Steinn	6
Kléberg	Steinn	1
Lóð	Járn	1
Löm	Járn	1
Mót	Steinn	1
Nagli	Járn	28
Óþekkt	Járn	14
Óþekkt	Steinn	16
Óþekkt	Kopar/viður	1
Óþekkt	Gler	1
Perla	Gler	4
Pinni	Járn	7
Snældusnúður	Steinn	2
Sylgja	Járn	1
Þynna	Járn	6

Alls voru 26 sýni tekin á við uppgröftinn á skálanum. Mest var tekið af jarðvegssýnum til að greina jarðveginn og voru það alls 14 sýni. Næst voru dýrabein sem voru 6 talsins, fimm kolasýni og þrjár skeljar teknar í sýni.

5. Túlkun

Rannsóknin Arnarfjörður á miðöldum hefur þróast á þeim árum frá því að rannsóknin hófst árið 2011 á Hrafnseyri. Rannsóknir sýna að þar hefur verið byggð allt frá miðöldum. Ljóst er með uppgreftri í sumar að þarna er um skálalaga bygginu að ræða. Ekki er vitað með vissu en frá hvaða tímabili skálinn er, en líklega er hann frá landnáms-/miðöld þar sem gripir sem fundust við rannsóknina eru dæmigerðir gripir frá þeim tíma. Með því að opna stærra svæði til að sjá formgerð skálans og aldursgreiningar á sýnum eiga eftir að sýna fram á líklegan aldur skálans. Áformað er að opna stærra svæði yfir skálanum á næsta ári, eða jafnvel yfir öllum skálanum, en fer það eftir fjármagni sem fæst við rannsóknina.

Framan við austur vegg skála (703) voru stórar steinahellur (717). Enn er ekki vitað hvert hlutverk þeirra hefur verið en tilgáta frá árinu áður er að þetta sé möguleg stétt. Við rannsóknir í ár er mögulegt að þessar hellur hafa staðið upp á rönd meðfram veggnum þar sem svart lag (705) virðist fara undir hellurnar. Ekki er þetta staðfest enn þar sem eftir á að lyfta hellunum og þá sjá hvort þessir flötu steinar liggja ofan á kolaríku laginu eða hvort lagið nær upp að steinum. Þó er víst að með því að opna stærra svæði til austurs, og fylgja legu flötu steinana, er mögulega hægt að fá svar við hvert hlutverk þeirra hefur verið.

Framan og sunnan við inngang í skálann voru steinahrúgur (716) sem voru túlkaðar árið áður sem lítill bygging framan við innganginn. Þó svo að steinahrúgurnar virðast hafa einhverskonar lag á sér var ekkert torf sjáanlegt á milli steina og við fjarlægingu þeirra í ár var sjáanlegt að þeir lágu beint ofan á kolaríku lagi (705). Mögulega hafa þessir steinar verið hlaðnir upp við sitthvoru megin við dyr inn í skálann. Steinar í inngangi (714) hafa að öllum líkindum haldið áfram lengra inn í skálann en þar sem skurður fyrir frárennslisskurði [731]virðist vera í línu við enda gangsins innan uppgraftarsvæðis í ár er líklegt að rétt undir ópopnuðu svæði til norðurs er gangurinn skorinn og raskaður af skurðinum.

Mögulega hefur svæðið til austurs verið einhverskonar vinnuaðstaða þar sem mikið af brýnum fundust í svörtu lagi (739) í og á milli steina (738). Hellulagði flórinn getur hafa náð yfir allt svæðið í austur enda skála, en hefur raskast við gerð frárennslisskurðar [731] seinna með. Önnur vinnutillaga ársins er að þarna hefur verið staðsetning fyrir dýr. Algegnt er að sjá hellulagðan flór í fjósum frá sama tíma, þar sem líklegast hefur verið auðveldara að hreinsa út hellulögðu gólfi.

Norðaustur hluti uppgraftarsvæðisins hefur verið mikið raskað við gerð frárennslisskurðar en einnig er gamla heimreiðin að Hrafnseyri staðsett þarna. Ekki er vitað hvort skurðurinn og slóðinn séu samtíða en þó má álykta að skurðurinn hafi verið grafinn til þess að hleypa vatni frá slóðanum þar sem þetta svæði virðist hafa verið mjög blautt.

Mynd 12. Hér eru tvær drónamyndir teknar sumarið 2017, tvo mismunandi daga, af því svæði þar sem skálinn er staðsettur. Innan bláa hringsins er staðsetning skála og svartar örvar benda á skurð sem fer eftir endilöngu túninu. Drónamyndir: MHH.

Yfir skurðinum að hluta til var blandað lag (722) sem er líklega efni sem var tekið og notað til að byggja upp heimreiðina. Hefur það lag færst til yfir árin og mögulega fyllt í frárennslisskurðinn að hluta til. Með því að opna svæði yfir þar sem könnunarskurður B frá árinu 2020 er staðsettur getur það sýnt ef um frárennslisskurð sé að ræða og hver lega hans er. Líklega er að sjá sama lag og (722) í könnunarskurði B frá 2020 og því væri gott að opna þar yfir til að ská hvort frárennslisskurðurinn sé þar undir líkt og var á uppgraftarsvæðinu í ár.

Mynd 13. Drónamynd frá árinu 2020 þar sem er að sjá gróft blandað lag í austur enda skurðar sem er í línu við línulaga upplyftingu á yfirborði . Upp er í vestur. Drónamynd: MHH.

Viðkvæm jarðlög innan skálans svo sem gólflag (725) var grafið fram en skilið eftir svo samhengi náist þegar svæðið verður stækkað á næsta ári. Það sama á við um eldstæðin (735 og 743) og svört lög á seti í vestur (729)og austur (726) enda.

6. HEIMILDASKRÁ

Margrét Hallmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir. 2016. *Arnarfjörður á miðöldum. Framvinduskýrsla 2015*. NV nr. 02-16.

Margrét Hallmundsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir. 2017. *Arnarfjörður á miðöldum. Framvinduskýrsla 2016*. NV nr. 01-17.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2018. *Arnarfjörður á miðöldum. Framvinduskýrsla 2017.* NV nr. 21-18.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2019. *Arnarfjörður á miðöldum. Framvinduskýrsla 2019.* NV nr. 20-19.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðný Zoëga. 2012. *Fornleifarannsóknir á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Framvinduskýrsla 1.* NV nr. 08-12.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013. *Fornleifarannsóknir á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Framvinduskýrsla II.* NV nr. 20-12.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sylvía Ragnarsdóttir. 2021. *Arnarfjörður á miðöldum. Framvinduskýrsla 2020.* NV nr. 02-21.

7. KORT

Skurður D (2012)
Skurður C (2012)
Skurður (2016)
(2017)
Svæði G (2016)
Skurður A (2012)
Skurður B (2020)
Skurður C (2020)
Prufuskurður 1
Prufuskurður 2
Uppgraftarsvæði Skála
Skurður A (2020)
Skurður 2
Skurður (2016)
Skurður 1
Svæði 1 (2017)
Svæði 2 (2017)
Svæði 2 (2017)
NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA
Fornleifadeild
Skýringar
Skurðir teknir 2012
Skurðir teknir 2016
Skurðir teknir 2017
Skurðir teknir 2020
Svæði 2024/2025
0 10 20 m
Staðsetning skurða og uppgraftasvæða í gegnum árin á Hrafnseyri.
Náttúrustofa Vestfjarða KSR 15.12.2025
Skali 1:700

8. TEIKNINGAR



9. SKRÁR

9.1 Contextaskrá

Context	Gerð I	Dagsetning	Nafn	Lýsing
701	Yfirborðslag	9.8.2024	MHH	Yfirborðslag sem lá efst yfir öllu uppgraftarsvæðinu. Yfirborðið var siltað búnt og jarðvegur sem hafði mikið af rótum. Lagið var 10m að lengd, 10m að breidd og x þykkt.
702	Blandað jarðlag	9.8.2024	MHH	Torfblandað jarðlag undir yfirborðslagi [701]. Annaðhvort undirlag af yfirborði eða efsti hluti af torfhruni. Lagið var 10m að lengd, 10m að breidd og x þykkt.
703	Torfveggur	12.8.2024	KF	Torfveggur í NA horni uppgraftarsvæðis, tengist líklega vegg [707], heldur áfram út fyrir uppgraftarsvæðið. Torfið er mjög þétt, miðlungs brúnt á litinn með appelsínugulum skellum.
704	VOID	VOID	VOID	VOID
705	Kolaríkt lag	12.8.2024	KF	Svart kolaríkt lag sem var frekar mjúkt og auðmulið. Töluvert af kolum og brenndum beinum. Stærðin er óviss þar sem ekki er búið að grafa allt lagið. Í fyrstu var talið að um gólflag væri að ræða, áður en það kom í ljós að grafið var utan við byggingu.
706	Torfhrun	21.8.2024	KF	Torfhrun í NA horni uppgraftarsvæðis. Lagið var þétt sendið torf, gult á litinn með fjólubláum blæ og með "gíraffa" mynstri. Stöku kolaflyksur og steinar. Stærð lagsins var 2m x 4m.
707	Torfveggur	22.8.2024	KF	Torfveggur í NV horni uppgraftarsvæðis, tengist líklega vegg [703], heldur áfram út fyrir uppgraftarsvæðið. Torfið er mjög þétt, fjólublátt með gulum og rauðum skellum.
708	Náttúrulegt	22.8.2024	JB	Náttúruleg möl sem liggur að öllum líkindum undir öllu uppgraftarsvæðinu. Mjög þétt möl með miðlungsstórum og litlum steinum.
709	Torfhrun	27.8.2024	AR	Torfhrun í inngangi. Lagið var frekar þétt í sér með stöku steinum og kolaflyksum. Liturinn á torfinu var gulleitur brúnn með fjólubláum skellum. Stærðin var >5m x 2.4m
710	Skurður fyrir rennu	27.8.2024	ES	Skurður fyrir rennu, líklega dren. Skurðurinn er grunnur og óreglulegur. Kolalag [705] virðist hafa fyllt skurðinn að hluta og ofan á því liggur fylling [711]. Breidd rennunar er um 0.6m, dýptin um 0.16m og breiddin er >6m. Rennan heldur áfram út fyrir mörk uppgraftarsvæðisins í suður og norðvestur.
711	Fylling í rennu	27.8.2024	ES	Fylling í skurð fyrir rennu [710]. Mjög þéttur, brúnn jarðvegur með appelsínugulum blæ. Mögulega það sama og [702]. Breidd 0.46m og dýpt 0.16m.
712	Náttúrulegt	28.8.2024	AR	Sendið lag sem er gulleit og brúnt á litinn. Mögulega náttúrulegur sandur sem liggur ofan á náttúrlegri möl [708]. Lengd og breidd er óþekkt en lagið er 0.08m þykkt.

713	Torf	30.8.2024	KF/JB /AR	Rauðleitt torf með gulbrúnum blettum í NA horni, liggur upp að torfvegg [703]. Torfið var mjög þétt í sér. Mögulega veggur, ekki víst hvort um garðlag sé að ræða eða hvort það er hluti af byggingunni. Einungis lítill hluti torfsins kom fram innan uppgraftarsvæðisins, 0.9m x 0.6m.
714	Steinar	30.8.2024	KF	Flatir steinar í inngangi. Á milli veggja [703] og [707].
715	Steinar	30.8.2024	KF	Þríhyrningslaga stétt framan við húsið á NV hluta uppgraftarsvæðis. Virðist vera íhvolft og liggur að rennu [710].
716	Steinar	30.8.2024	KF	Mögulegur grunnur af vegg sem liggur í suður frá inngangi, frá vestur enda veggjar [703].
717	Steinar	30.8.2024	KF	Flatir steinar sem liggja meðfram vegg [703] í austur frá inngangi. Mögulega stétt sem virðist liggja meðfram veggnum. Heldur áfram út fyrir mörk uppgraftarsvæðisins.
718	Torfhrun undir yfirborði	11.8.2025	JB	Hrun innan í skála undir yfirborðslagi. Ljósgulbrúnt torf sem var þétt en molnar auðveldlega. Innihélt fáa stóra steina.
719	Torfhrun á suðvestur vegg	12.8.2025	KSR	Torfhrun ofan á suðvestur vegg. Mögulega blanda af veggja og þakhruni sunnan við steina. Torfið þar þétt, millibrúnt blandað torf og yfirborðslag sem innihélt mikið af kolaflögum og smáum steinum. Lagið var um 6 cm þykkt.
720	Lag undir bekk í v-enda	13.8.2025	JB	Þétt svarbrúnt kolaríkt lag ofan á mögulegu gólfi og seti í vestur enda. Innihélt mikið af kolum og brenndum beinum.
721	Torf hrun	13.8.2025	JB	Hrun undir (718) í norður enda uppgraftarsvæðis. Lagið var þétt, blandað brúngult torf sem minnti á gírafa munstur. Var u.þ.b. 12 m á lengd og 5 m á breidd.
722	Blandað efni	13.8.2025	JB	Blandaður náttúrulegur jarðvegur og torf. Lagið var brúnt lausir steinar, möl og torf blanda. Lagið innihélt miðstóra og smáa steina með torfslitrum hér og þar. Líklega er þarna uppmokstur úr frárennslisskurði. Sama og lag (205) í prufuskurði 2. Lengd 2 m, breidd 1.90 m
723	Torflag	13.8.2025	JB	Torflag í norðaustur enda umhverfis malarlag í norðaustur enda . Þétt fjólublátt og brúnt torf sem var um 2.6 m á breidd og 70 cm á breidd.
724	Kolaríkt lag við enda bekkjar	13.8.2025	JMG	Kolaríkt lag í norðvestur enda sets. ÓUPPGRAFIÐ.
725	Gólflag	18.8.2025	KSR	Gólflag innan í skála. Feitt svart kolaríkt silt með mikið af brenndum beinum. ÓUPPGRAFIÐ.
726	Set eða hrun í austur enda	18.8.2025	JB	Mögulegt set eða hrun í austur enda, undir (721). Lagið var ljósbrúnt torf sem innihélt litla og miðlungsstóra steina. Lagið liggur yfir steinahellum (738).
727	Veggjahrun	19.8.2025	JB	Mögulegt veggjahrun í vestur enda. Þétt, skellótt fjólublátt torf með fáum steinum.

728	Mögulegt hrun	19.8.2025	JB	Hrun ofan á gólflagi. Þétt dökkbrúnt sandað silt m eð fáum steinum. Lagið liggur ofan á gólflagi (725) og undir torfhruni (721).
729	Skurður á rennu	22.8.2025	KF	Skurður á á mögulegri rennu eða holu í suðvestur horni á uppgraftarsvæði. Einungis hluti þess grafinn og því ekki alveg víst hvort þarna sé áframhald á rennu sem fannst sumarið 2024. Skurðurinn var með íhvolfdar hliðar og flatan botn. Skurðurinn sem grafinn var, var 0.6 m breiður og 0.25 m á dýpt.
730	Fylling í skurði [729]	22.8.2025	KF	Fylling í rennu [729]. Fyllingin er þétt, ljós gulbrúnt torf með fáum steinum. fyllingin var 0.6 m á breidd og 0.25 m á þykkt.
731	Skurður á frárennslisskurði	22.8.2025	JB	Mögulegur frárennsliskurður sem sker í skálann, staðsettur í norðaustur horni uppgraftarsvæðis og liggur í norðvestur-suðaustur. Skurðurinn er með brattar hliðar og flatan botn. Skurðurinn sjálfur er 3.82 m langur innan uppgraftarsvæðis. Stærð skurðar er 1.56 m á lengd, 0.70 m á breidd og 0.78 m á dýpt. Frárennslisskurðurinn er greinilega tekinn eftir að skálinn er í notkun því að glerbrot fannst í fyllingunni.
732	Fylling í frárennslisskurði [731]	22.8.2025	JB	Fylling í frárennsliskurði [731]. Fyllingin var blandað þétt og laust gulbrúnt torf og möl, sem innihélt litla og stóra steina og möl. Lengd: 1.56 m, breidd: 0.70 m og dýpt: 0.78 m.
